

D ó m s o r ð:

Stefndu, Brynjólfur Sveinsson og Tryggingamiðstöðin h/f, greiði in solidum stefnanda, Njáli Harðarsyni, kr. 19.344,00 með 42% ársvöxtum frá 2. febrúar 1983 til 30. júní s.á., en með dómvöxtum skv. lögum nr. 56, 1979 frá þeim degi til greiðsludags, auk kr. 14.123,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 13. febrúar 1986.

Nr. 31/1986. **Ákærvaldið**

gegn

Ólöfu Ólafsdóttur

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Hinn kærða úrskurð kvað upp Guðjón St. Marteinsson, fulltrúi við sakadóm í ávana- og fíkniefnamálum.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1972 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 8. þ.m. er barst réttinum 10. þ.m. og krafist þess að hinn kærði úrskurður yrði felldur úr gildi, en til vara að gæsluvarðhaldstíminn yrði stytur. Af hálfu ákærvalds er þess krafist að úrskurðurinn verði staðfestur.

Með skírskotun til raka hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 6. febrúar 1986.

Málsatvik

Undanfarnar vikur hefur verið til rannsóknar hjá fíkniefnadeild lögreglu meint fíkniefnamisferli Jóhanns Sigfúsar Sigdórssonar og Magnúsar Helga Kristjánssonar.

Rannsóknin hefur m.a. leitt í ljós utanlandsferð þeirra Magnúsar og Jóhanns til Amsterdam vikuna 16.-23. janúar sl. Hefur Magnús viðurkennt að hafa keypt ytra 60 grömm af amfetamíni og flutt innvortis hingað til lands en Magnús gekkst undir röntgenmyndatöku við komu til landsins 23. janúar sl. og reyndist þá ekki hafa fólgin fíkniefni innvortis.

Hinrik Jón Þórisson hefur borið að þeir Magnús og Jóhann hafi beðið sig um að sækja pakkasendingu í pósthús hér í borg gegn peningagreiðslu. Samkvæmt gögnum málsins hefur Hinrik Jón sótt slíka pakkasendingu sem reyndist veга 6,5 kíló. Hinrik hefur borið að í nefndum pakka hafi verið fólgin fíkniefni.

Við yfirheyrslu hér fyrir dómi í gær viðurkenndi Jóhann Sigfús að Ólöf Ólafsdóttir fyrrverandi eiginkona sín hefði hinn 30. janúar afhent sér lykla í miðbæ Reykjavíkur og kvaðst Jóhann hafa látið slá nýja lykla eftir þeim lykklum er Ólöf færði sér. Magnús Helgi bar á sama veg og Jóhann varðandi lyklastáttinn.

Við yfirheyrslu hér fyrir dómi í dag kvaðst Ólöf þess fullviss að lykklar þeir er hún færði Jóhanni þann 30. jan. sl. hefðu verið lykklar að Suðurhólum 20 hér í borg þáverandi heimili Ólafar og Jóhanns. Við yfirheyrslu hér fyrir dómi í gær neitaði Jóhann að svara spurningu varðandi lykla þessa og hvar þeir gengju að.

Við dómsyfírhýrslu í dag viðurkenndi Ólöf að hafa vitað um pakkasendingu er Jóhann hafði átt von á til landsins eftir komu hingað til lands frá Amsterdam hinn 23. jan. sl. Kvaðst Ólöf í þessu sambandi hafa tekið að sér að fá lánaða póstkassalykla hjá Valgerði Sæmundsdóttur Yrsufelli 3 hér í borg, en Ólöf kvað Jóhann hafa merkt nefndan pakka framangreindri Valgerði.

Valgerður hefur við lögregluyfírhýrslu í gærdeg viðurkennt að vita um aðgang Ólafar að íbúðarhúsnæði að Akraseli 1 hér í borg.

Ólöf hefur viðurkennt að hafa í eitt skipti fengið lánaða lykla að nefndu húsnæði en ekki notað lykklana. Ólöf kvaðst aldrei hafa lánað Jóhanni lykla er gengju að Akraseli 1 og að Jóhann hefði þar ekki aðgang.

Sl. nótt lagði lögreglan hald á tæplega 500 grömm af amfetamíni að Akraseli 1 en þar bjó síðast Ólafur Pálmason að sögn Ólafar en hún kvað hann hafa flutt af landinu fyrir u.þ.b. þremur vikum.

Niðurstöður

Ólöf Ólafsdóttir er grunuð um aðild að innflutningi verulegs magns sterkra fíkniefna. Framburður Ólafar varðandi framangreinda lykla er hæpin þar sem lögregla lagði við húsleit hjá Jóhanni og Ólöfu að Seljabraut 40 hald á lykla þá er Jóhann lét slá eftir að Ólöf hafði afhent honum samskonar lykla. Þessir nýslegnu lykklar gengu að húsinu Akraseli 1.

Þar sem hið mikla magn fíkniefna fannst sl. nótt og enginn annar aðili í málinu en Ólöf hafði aðgang að Akraseli 1, þykir ljóst að eftir er að rannsaka ýmsa þætti máls þessa s.s. fingraför að Akraseli 1 og þá á eftir að yfirheyra Ólöfu mun ítarlegar svo og hugsanlega samseka og vitni.

Verið er að rannsaka meint brot Ólafar Ólafsdóttur á lögum nr. 65, 1974 og rg. nr. 16, 1986 og gæti meint sök Ólafar, ef sönnuð þætti, varðað hana fangelsisrefsingu. Eru því ákvæða 65. gr. stjórnarskrárinnar ekki í vegi fyrir beitingu gæsluvarðhalds í þágu rannsóknar máls þessa sem er á algeru byrjunarstigi rannsóknarlega séð (sic).

Með vísan til alls framanritaðs og með vísan til framlagðra skjala og jafnframt með vísan til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1984 þykir rétt að verða við framkominni kröfu lögreglu um gæsluvarðhald yfir Ólöfu Ólafsdóttur í þágu rannsóknar máls þessa. Þykir gæsluvarðhaldstíminn hæfilega afmarkaður sem allt að 30 dagar frá því kl. 15.55 föstudaginn 7. febr. ár 1986 að telja.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Ólöf Ólafsdóttir, fædd 25.12. 1956, nú til heimilis að Seljabraut 40 hér í borg skal sæta gæsluvarðhaldi allt að 30 daga frá því kl. 15.55 föstudaginn 7. febr. 1985 að telja.